

**2000 nr. 27 9. maí**

**Lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna**

Tóku gildi 19. maí 2000.

■ **1. gr.**

Óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna

fjölskylduábyrgðar sem hann ber.

Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmönnum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.

■ **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

ELDDRI ÚTGÁFA